

## ALPÝÐUBLADIÐ

21016. tölublað

Hverfisgötu 8 - 10 Reykjavík Sími 562 5566  
 Útgefandi Alprent  
 Ritstjóri Hrafn Jökullsson  
 Umbrot Gagarín hf.  
 Prentun Ísafoldarprentsmiðjan hf.  
**Ritstjórn, auglýsingar og dreifing**  
 Sími 562 5566  
 Fax 562 9244  
 Áskriftarverð kr. 1.500 m/vsk á mánuði.  
 Verð í lausasölu kr. 150 m/vsk

## Kærkomin vítamínsprauta

Stækkun álversins í Straumsvík er sannarlega kærkomin vítamínsprauta fyrir íslenskt efnahagslíf. Hagvöxtur mun aukast meira á næsta ári en áætlað var, 1700 ársverk verða til vegna framkvæmdanna og Landsvirkjun mun ráðast í umfangsmikla uppbyggingu. Margra ára kyrrstaða er rofin í stóriðjumálum, auk þess sem um er að ræða fyrstu verulegu erlendu fjárfestinguna á Íslandi í mörg herrans ár.

Það var Sighvatur Björgvinsson, þáverandi iðnaðaráráðherra, sem í febrúar tók ákvörðun um að Íslendingar tækju frumkvæði í viðræðum um stækkun álversins. Sighvatur sagði í viðtali við *Alþýðublaðið* í gær: „Ég fagna þessari niðurstöðu um stækkun álversins. Þetta sýnir að það var kórreitt séu ákvörðun sem við tókum í febrúar að Íslendingar hefðu frumkvæðið að því að reyna að knýja þessa lausn fram. Þá tók ég þá ákvörðun líka að láta þá menn vinna að þessu sem hafa mesta reynslu í þessum samningum og eru vel þekktir meðal almanna, einkum og sér í lagi þeir Jóhannes Nordal og Geir Gunnlaugsson. Núverandi ráðherra hefur haldið eftir sömu línunum og það hefur borið árangur. Ég er mjög ánægður með það.“

Stækkun álversins felur vonandi ekki í sér að Íslendingar þurfi að bíða í áratugi eftir næstu skrefum í uppbyggingu stóriðju á Íslandi. Það er ánægjulegt að heyra ráðherra Framsóknarflokksins lýsa yfir því, að þeir vilji auka erlendar fjárfestingar á Íslandi: til skamms tíma máttu þeir herra menn varla heyra á slíkt minnst. Ef Íslendingar ætla landi sínu annan hlut á nýrri öld en vera verstöð í Norðurhöfum hljóta menn að vinna markvisst að uppbyggingu í öðrum atvinnugreinum en sjávarútvegi.

## Sígaunastúlka kemur til Íslands


Nú er ljóst að rúmenska stúlkan Angelica Olteanu fær landvist á Íslandi. Þetta eru ánægjuleg tíðindi en málareksturinn vegna hennar vekur ýmsar spurningar um þær reglur sem Útlendingaefirlitinu er gert að fara eftir. Stúlkunni hefði verið vísað þegjandi og hljóðalaust úr landi ef hún hefði ekki í örvæntingu gripið til sinna ráða.

Angelica er sígauni en þeir eru minnihlutahópur í Rúmeníu sem lengi hefur átt undir högg að sækja. Skálfurinn Ceausescu stóð fyrir ofsóknum á hendur þeim og markvisst var unnið að því að uppræta menningu þeirra. Í Morgunblaðinu í gær var haft eftir Angelicu að ástandið hefði skánað, en sígaunar væru undir þrýstingi í Rúmeníu og væru ekki velkomnir. Þó hefði sitthvað þokast í frjálrsræðisátt, og nú væri til dæmis hægt að ferðast frá Rúmeníu – en þá eru komnir upp tálmar á Vesturlöndum.

Mikil umræða varð í sumar og haust um hraksmánarlega frammistöðu Íslendinga í málefnum flóttamanna. Síðan hefur verið lögð fram stefna í þessum málum, og innan tíðar munum við væntanlega taka við 25 flóttamönnum frá Balkanskaga. Það er hinsvegar því miður svo, að fordómar í garð útlendinga virðast rótgrónir hjá allstórum hluta Íslendinga. Gegn þeim þarf að vinna markvisst, og í því skyni á að beita skólakerfinu óspart.

En fordómarnir eru ekki alveg landlægir: Hólmfríður Gísladóttir hjá Rauða krossinum sagði að margir hefðu brugðist við þegar fréttist af raunum sígaunastúlkunnar frá Rúmeníu og viljað greiða götur hennar. Einn ungur maður hefði meira að segja sent henni bönorð í fullri alvöru, til að tryggja landvist hennar. Það var vissulega karlmannlega gert. En betur má ef duga skal. ■

**Drepi maður mann er það menning og merking einungis að maður hefur látist af manna völdum en ekki af völdum ómennskra afla. Kýli ég á netta nös og skoli niður með vænum slurk af 95% vodka; slæmi mér svo undir sveifina og krumpi bikið svo ég keyri mig og aðra í klessu er það menning eins og hvað annað.**



## Hversdagsrómans á Kjarvalsstöðum

*Eins konar hversdagsrómantik* er yfirskrift samsýningar á Kjarvalsstöðum, sem Auður Ólafsdóttir listfræðingur hefur haft veg og vanda af. Hún hefur fengið til liðs við sig sextán listamenn af yngri kynslóðinni til að bregða ljósi á viðfangsefni lífandi stundar. Auður einskörðar valið við fólk sem ekki hefur enn haslað sér völlu svo heitið geti þótt flest hafi það tekið þátt í listalífinu með sýningahaldi af einhverjum toga.

### Myndlist



Halldór Björn  
Runólfsson  
listfræðingur  
skrifar

Að vera ungur listamaður á Íslandi er eflaust undarleg reynsla. Enda þótt íslensk menning sé staðreynd er íslenskt menningarlíf alltaf í molum. Hver baslar í sínu horni í þessu einkavædda samfélagi eins og náunginn væri ekki til. Þegar postular nýfrjáls-hyggjunnar fóru að láta að sér kveða undir slagorðum víðtækrar samkeppni tók hinn venjulegi Íslendingur kallinu með sama hætti og samvinnukallinu forðum daga. Hann helli sér út í taumlausa sérkeppni.

Sagt er að pólitískar áherslur breyti litlu um þjóðarsálinu. Hið sama gildir um menningarmál. Reyndar er íslenska orðið menning fyrir kúltúr full-

komuð stofnanaskrímsli því að menning merkir ekki neitt umfram mannlegar athafnir. Latneska heitið kúltúr merkir ræktun. Það felur í sér þróun og breytingu. Orðið menning lýtur engum slíkum lögmálum. Drepi maður mann er það menning og merking einungis að maður hefur látist af manna völdum en ekki af völdum ómennskra afla. Kýli ég á netta nös og skoli niður með vænum slurk af 95% vodka; slæmi mér svo undir sveifina og krumpi bikið svo ég keyri mig og aðra í klessu er það menning eins og hvað annað.

Þannig heyrir ég bestu menn fletja út hugtakið menning svo það endar eins og innantómt hundsskinn spýtt út í afstæða og altæka endaleysu. Sama máli gildir um myndlist, en hún hefur það umfram aðrar listir og vera svo frjáls að tálgi maður spýtu eða baki köku þykir hann jafngóður listamaður og hver annar. „Þú mátt tülka þetta eins og þú vilt,“ er viðkvæði margs meistarans þegar forvitnir eru annars vegar.

Það má að vísu segja að Auður hafi valið sýnendur úr rölegri kantinum. Yfirbragðið er vissulega hversdagslegt og rómantískt eins og dagdraumarnir við eldhúsvaskinn. En það væri rangt að segja að hvergi örlu á snefru. Lilja Björk Egilsdóttir sprengir til dæmis málverkið úr rammanum og setur með því punktinn við nýja málverkið. Hávaðinn er að vísu liðinn hjá en tætlurnar eru eftir til marks um vel heppnað skot.

Andstætt slíku gosi veltir Þorri Hringsson sér upp úr gamalli og góðri kokkabók eins og snyrtilegasti matargerðarmaður. Kyrralífsmýndir hans

eru fullar af yndislegri nostalgíu eins og reyndar heimilisleg verk Steinunnar Helgu Sigurðardóttur. Valgerður Guðlaugsdóttir er einnig kaldhæðin á sinn þjóðlega og lúmska hátt. Fjallasería hennar á sér ágæta samsvörun í eldfjallasyrpu Þorbjargar Þorvaldsdóttur.

Hlynur Helgason, Pétur Örn Friðriksson og Finnur Arnarson fást allir við enn nærtækari raunveruleik borgarlíffsins. Tilraunir þeirra eru þó helsti loðnar og hlédrægar líkt og þeir eigi erfitt með að finna tilfinningalegan flöt á því sem þeir vildu sagt hafa. Eygló Hallasýrpu Þorbjargar Þorvaldsdóttir ná ef til vill lengra en strákarnir með mun einfaldari frásagnarmáta. Hulda Hrönn hefði þó gjarnan mátt leiða lifandi auga úr myndsegulbandinu út fyrir Kjarvalsstaði í staðinn fyrir að gera sér myndbandsspólu að góðu.

*Eins konar hversdagsrómantik* hlýtur að vekja upp ýmsar spurningar svo sem þær: Hvers vegna ekki er gert meira af því að kynna ungu kynslóðina og hvers vegna er slíkar kynningar ekki miklu tíðari? Hvers vegna eru ekki fleiri sýningastjórnar fengnir til að stjórna samsýningum? Menningar- og listalíf í eins miklum molum og hið íslenska þarf miklu markvissari framsetningu en nú tíðkast. Sérkeppnin og afstæðishyggjan eru á góðri leið með að gera okkur aftur að afskekktu og inngrunu útskeri. Ef Auður Ólafsdóttir héldi ekki eins vel utan um sýningardæmið í vestursal Kjarvalsstaða og raun ber vitni væri svona samsýning eins og brotakennnd og geimsteina-regn. ■

## d a g a t a l 9 . n ó v e m b e r

### Atburðir dagsins

1148 Ari fróði Þorgilsson sagnaritari lést, um 81 árs.  
 1794 Skúli Magnússon fógeti lést í Viðey.  
 1799 Napoléon verður ræðismaður Frakklands og þar með hæstráðandi ríkisins.  
 1932 Gúttóslagurinn: hörð átök í Reykjavík þegar bæjarstjórn fjallaði um lækun launa í bæjarvinnu.  
 1938 Kristalsnótin í Þýskalandi: Fjöldi Gyðinga drepinn, sjöþúsund búið rændar og 267 bænahús Gyðinga brennd.  
 1953 Skáldið Dylan Thomas deyr á Chelsea Hotel í New York.  
 1986 Tveimur hvalbátum sókkt í Reykjavíkurböfn.

**Afmælisbörn dagsins**  
 Ivan Turgenjev 1818, rússneskur rithöfundur.  
 Katherine Hepburn 1909, bandarísk leik-

kona, fjórfaldur Óskarsverðlaunahafi.  
 Hedy Lamarr 1913, leikkona og þökkagýðja: á sínum tíma álitin fegursta kona heims.

### Annalsbrot dagsins

Fimm bæir austur í Flóa höfðu laskast í jarðskjálfta, þó ei fólk skaðast. Ei hefi eg ritað séð um Heklufljalls eldspýting, umbrot, skaða og skemmdir á löndum þar í grennd, en mest skal það hafa skeð þann 10. Sept. sama árs. Fáir bæir skemmt.

Höskuldastaðannáll 1766.

### Orð dagsins

Stoðar lítt að stæra sig styttað heimins náðir, maður etur mig og þig mold erum við báðir.

Páll Vídalín.

### Málsháttur dagsins

Margtöludum er minnis vant.

### Eftirmynd dagsins


Víst er um það, að þessi saga er greinileg eftirmynd *Sturlu* [f *Vogum* eftir Guðmund Haganlín], hér um bil eins löng, nákvæmlega eins vitlaus og ennþá verr sögð.

Ritdómur Gunnars Benediktssonar um skáldsögu Guðmundar Danielssonar, *Á bókum Bola-fjótis*, TMM1940.

### Skák dagsins

Pólski meistarinn Rúbenstein var einn mestur skáksnillingur aldarinnar en ævi hans var um margt harmsaga. Hann hafði fingerðan stíl og tefldi iðulega líftog væri hann að yrkja ljóð. Sjáum laglega gildru sem hann

leggur fyrir Spielman, annan kunnan kappa frá fyrri hluta aldarinnar. Rubenstein hefur hvítt og á leik.



**Hvítur leikur og vinnur.**  
 1. Bc5! Hd1+ Anar í gin ljónsins.  
 2. Kh2 Hxc1 3. Bf8! Spielman gafst upp: mát er allt í einu óumflýjanlegt.